

# Siðareglur stjórnar Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands

- Við hlítum þeim lögum og reglum sem um Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands (EHÍ) gilda.
- Við störfum af heilindum og í anda stefnu Háskóla Íslands og viljum vinna í heilbrigðu samkeppnisumhverfi. Við viljum forðast aðstæður sem gætu valdið vanhæfi eða valdið efasemdum um hæfi okkar til ákvarðana.
- Í störfum okkar fyrir EHÍ höfum við hagsmuni EHÍ að leiðarljósi.
- Við stöndum vörð um heiður EHÍ og að höfumst ekki neitt sem kynni að vera til þess fallið að rýra álit samfélagsins á stofnuninni.
- Ákvarðanir okkar byggja á sjálfstæðu mati og eigin sannfæringu.
- Við nýtum ekki trúnaðarupplýsingar, sem við höfum fengið vitneskju um í starfi okkar í stjórn, til ávinnings fyrir okkur sjálf eða aðra.
- Við vinnum markvisst að því að efla þekkingu okkar á starfsemi EHÍ og leitumst við að vera vel upplýst um það sem fram fer innan stofnunarinnar og höfum góða þekkingu á því sem ætlast er til af okkur.
- Við gætum þess að áherslur í starfsemi EHÍ og auglýsingar séu þess eðlis að virðingar sé gætt gagnvart öllum óháð kyni, trú, stjórnmálaskoðunum og annarri aðgreiningu.
- Við komum fram við aðra stjórnarmenn, starfsmenn, viðskiptavini og samstarfsaðila af virðingu og kurteisi óháð kyni, trú, stjórnmálaskoðunum eða annarri aðgreiningu.
- Við erum bundin þagnarskyldu um hvað eina sem við verðum áskynja í stjórnarstörfum okkar varðandi viðskiptamenn okkar, sem og um starfsemi stofnunarinnar eftir því sem við á og helst sú skylda þegar stjórnarstörfum lýkur.

Reykjavík, 13.04.2012

Í stjórn Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands